

Reykjavík 5. nóvember 2014.

**Athugasemdir vegna tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141. 29 Hvammsvirkjun færirst úr biðflokk í orkunýtingarflokk.**

Við mótmælum því að Hvammsvirkjun sé færð úr biðflokk yfir í orkunýtingarflokk af eftirfarandi ástæðum.

Við viljum ekki að landið í sveitinni okkar sé nýtt á þennan ósjálfbæra hátt. Þetta er óafturkræf framkvæmd og við viljum frekar sjá uppbyggingu ferðaþjónustu sem gefur okkur og öðru ungu fólki tækifæri til atvinnu. Virkjanaframkvæmdirnar munu samkvæmt gefnum upplýsingum ekki skapa mörg framtíðarstörf í sveitinni en möguleikar til ferðaþjónustu eru ótakmarkaðir og að mestu ónýttir. Við viljum geta búið heima í sveit þegar kemur að því að ákveða hvar við munum búa fjölskyldum okkar heimili, við viljum að þar séu tækifæri og fólk fái að blómstra. Þjórsárdalur er paradís og þar eru miklir möguleikar í ferðaþjónustu. Þeir möguleikar yrðu illa nýttir ef ákveðið yrði að sökkva anddyri Þjórsárdals undir lón.

Í sveitinni er blómlegur landbúnaður, sveitin er einkar hentugt landbúnaðarsvæði og við viljum ekki láta skemma hana til framtíðar. Framkvæmdir eins og þær sem eru fyrirhugaðar eru alltaf mikið inngríp í samfélög, stórvirkar vinnuvélar eru ekki hljóðlátar og hryllir okkur við tilhugsuninni að friðurinn í sveitinni okkar sé rofinn með slíkum hætti. Stórframkvæmdir taka langan tíma og því myndi ófriðurinn og ónæðið vara lengi.

Stór hluti laxastofns Þjórsár hrygnir á því svæði sem fyrirhuguð virkjun á að vera. Ekki er búið að sýna fram á það að Hvammsvirkjun hafi ekki slæm áhrif á laxastofn Þjórsár. Það hefur ekki verið sýnt fram á það að þær mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili boðar virki í jökulám á Íslandi. Laxar úr Þjórsá synda upp Kálfá og sem framtíðar ábúaendur og landeigendur að Eystra Geldingaholti þá þurfum við að vita að áin muni halda áfram að vera góð laxveiðiá.

Við erum alin upp við það að hlusta á Minna-Núpsflúðir til að vita hvort þurrkur sé framundan. Þetta er hluti af menningararfi okkar og við viljum geta skilað honum til afkomenda okkar. Við viljum að Minna-Núpsflúðir fái spá fyrir um þurrk næstu aldirnar.

Þjórsá liggur á miklu sprungusvæði. Við höfum áhyggjur af stíflurofi við lón og flóðahættu sem gætu átt sér stað vegna eldgosa eða jarðskjálfta. Þótt við búum uppi á hól þá eru ekki allir svo heppnir og maður verður að hugsa um fleiri en sjálfa sig.

Síðustu vikurnar hefur það komið í ljós að raunveruleg flóðahætta er á vatnasviði Þjórsár ef gýs í Bárðarbungu og vatn brýtur sér leið niður á vatnasvæði Þjórsár og Tungnár. Á þessu svæði eru nú þegar 6 vatnsaflsvirkjanir.

Áin er sauðfjárveikigirðing og virkar vel sem slík. Komandi frá stóru sauðfjárþúi vitum við mikilvægi þess að sauðfjárveikigirðingar haldi.

Okkur þykir vænt um landið okkar. Tilfinningarök eru líka rök. Stærstu ákvarðanir í lífi fólks byggja á tilfinningum og því er fráleitt að hundsa rök sem byggja á tilfinningum. Fólkinu í sveitinni þykir flestum afskaplega vænt um sveitina og óttumst við að það muni hafa mjög neikvæð áhrif á líðan fólks ef ákveðið verður að skaða landslag og náttúru sveitarinnar. Það er ekki ásættanlegt að ríki og ríkisfyrirtæki valdi fólkinu í landinu svo miklum sársauka. Þau tilfinningabönd sem tengir fólk og náttúru eru sterk. Ef við þurfum ráðalaus að horfa upp svo miklar skemmdir á sveitinni, því ekki hafi verið hlustað á raddir okkar þegar við tjáðum okkur þá væri það reynsla sem tæki langan tíma að vinna úr.

Við viljum ekki þurfa að útskýra fyrir börnunum okkar að einu sinni hafi sveitin okkar verið enn fallelgri og náttúruparadís, en svo ákváðu ráðamenn að hundska fólkið og eyðileggja sveitina því þeir héldu að þjóðin myndi græða svo mikið á því.

Við krefjumst því þess að Hvammsvirkjun verði tekinn úr nýtingarflokki rammáætlunar, hún mun koma til með að valda miklum og neikvæðum breytingum á sveitinni okkar. Við verðum að hugsa til framtíðar. Hvammsvirkjun er óafturkræf framkvæmd. Það eru til aðrar og betri leiðir sem hægt er að fara í sátt við náttúru og menn.

Virðingarfyllt

Pálína Axelsdóttir Njarðvík 120291-2899

Jón Karl Axelsson Njarðvík 180295-2329